


Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar



Ársskýrsla 2016

Efnisyfirlit

Starfsemi	3
Eftirlit	6
Húsnæði og stöðugildi	7
Viðburðir	7
Afhendingar	9
Skjöl afhent til Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar á árinu 2016	9
Rekstraryfirlit Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar 2016	10

© Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar 2017

Ritstjórn, umbrot og hönnun: Birna Mjöll Sigurðardóttir
Prófarkarlestur: Helga Jónsdóttir

Öll réttindi áskilin.

Eftirprentun og ljósritun heimil ef uppruna er getið

Ljósmynd á forsiðu: Upphaf ráðstefnu Félags héraðsskjalavarða í Mosfellsbæ, október 2016. Þessi mynd, sem og aðrar myndir í skýrslunni eru teknar af Birnu Mjöll Sigurðardóttur.
Blikastaðamyndirnar eru frá Láru Gunnarsdóttur sem var kaupakona á Blikastöðum í kringum 1940.

ISSN 2547-6629

Ný lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 hafa haft víðtæk áhrif á starfsemi Héraðsskjalasafnsins. Markmið þeirra er að tryggja myndun, vörslu og örugga meðferð opinberra skjala með réttindi borgaranna, hag stjórnsýslunnar og varðveislu sögu íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi. Lögin stuðla að því að þessi markmið náist m.a með auknu eftirliti og vandvirkni í skjalavörslu sveitarfélaganna sem og annarra opinberra aðila.

Aldrei hefur jafn miklum tíma verið varið í eftirlit og ráðgjöf með skilaskyldum aðilum eins og á árinu 2016. Þá var hefðbundin starfsemi Héraðsskjalasafnsins, m.a. afgreiðsla erinda og fyrirspurna, móttaka afhendinga, skjalaskráning og aðgengi að skjölum á lestrarsal með mesta móti.

Framundan eru stór og krefjandi verkefni tengd eftirlitsmálum, rafrænni varðveislu á skjölum, miðlun, þökkun, frágangi og skráningu á skjölum sveitarfélagsins og vonandi að bæjarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélagsins séu meðvitaðri en áður um mikilvægi þess að skjalahald sé í föstum skorðum og því sinnt af bæði samvirksemi og nákvæmni.



Lágafellskirkja og Lágafellshúsið á árinu 1947.

Kirkjan var byggð árið 1888 og vígð árið eftir.

Presturinn, sr. Jóhann Þorkelsson, flutti að Lágafelli árið 1885 og bjó í prestsbústaðnum. Sama gegndi um eftirmann hans, sr. Ólaf Stephensen sem þjónaði Mosfellungum á árunum 1890-1904. Ólafur þessi gerði samning við Lestrarfélag Lágafellssóknar um viðbyggingu við húsið árið 1898. Gera má ráð fyrir að prestsbústaðurinn hafi verið byggður um svipað leyti og kirkjan, jafnvel örlítið fyrr, eða um 1885.

Lágafellshúsið gegndi mikilvægu hlutverki í sögu sveitarinnar, en það var lengi eini samkomustaður sveitarinnar. Á árunum 1898-1922 fór öll félagsstarfsemi Mosfellinga fram í Lestrarfélagshúsinu, eða þangað til Brúarland var byggt.

Viðbyggingin var tengd við húsið með langri járnslá sem lá þvert í gegnum það. Gögn segja að drengir hafi notað þessa slá til ýmissa æfinga um leið og þeir sóttu sér lesningu í bókasafnið í húsinu.

Mosfellsheppur festi síðar kaup á viðbyggingu Lágafellshússins og var hún eftir það kölluð Þinghúsið.

Húsið var flutt árið 1968 í Hlíðartún þar sem það stendur nú. Til er uppdráttur eftir Pétur Hjálmsón frá þessu ári sem sýnir staðsetningu hússins.

Myndin er úr safni Sveinbjörns Benediktssonar frá Bjargstöðum.

Starfsemi

Safnastefna Héraðsskjalasafnsins markast fyrst og fremst af lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994. Vinna við nýja reglugerð er hafin og verður fróðlegt að sjá með hvaða hætti kveðið verður á um starf héraðsskjalasafnanna í nýju reglugerðinni.

Skráningarforritið FileMaker var uppfært á árinu og keypt nýjasta útgáfan nr. 15 auk þess sem keypt voru tvö leyfi til þess að tveir geti skráð. Bæta má við að það er löngu orðið tímabært að fá annan starfsmann á safnið.

Heimasíða safnsins er í vinnslu og stefnt er að því að hún komist í loftið sem fyrst. Miðlun upplýsinga um safnið og safnkost þess mun gjörbreytast. Á síðunni munu m.a. birtast

skjalaskrár safnsins, miðlun safnkosts, ársskýrslur, upplýsingar um lög, reglugerðir og vinnureglur á safninu, ýmiss konar fróðleikur, s.s. siðareglur skjalavarða, upprunareglan o.fl.

Tölfræði hefur verið haldin í nokkur ár. Yfirleitt bætast atriði við listann, en hann er nokkurn veginn að komast í það horf sem ásættanlegt er. Upplýsingarnar gefa góða mynd af því hvernig þjónustuhlutverk skjalasafnsins er gagnvart sveitarfélögum og stofnunum þeirra sem og gagnvart almenningi. Þá gefa þessar upplýsingar vísbendingar um hvaða skjöl og skjalasöfn þarf að afrita til að tryggja betur vörslu frumrita auk upplýsinga um þau skjöl eða skjalaflokka sem æskilegast væri að miðla með rafrænum hætti.

Hér fyrir neðan má sjá hluta úr skjalinu þar sem haldið er utan um tölfræðina.


Dags. mótt.	Nafn	Staða	Fyrirspurn	Árangur leitar	Lánað	Skilað	Dags. afgr.	Annað (afhendingar, heimsóknir, óskað aðstoðar o.fl.)	Karí	Kona	Heims	Sími	Tölvup	F.sp	Afh.	Sal	Áben
5.1.2016	Guðný Halldórsdóttir	Kvikmyndagerðarkona	Spurðist fyrir hvort safnið ætti myndir af Hraðastöðum og Seljabrekku frá árunum 1960-1980	Því miður eru ekki til myndir af bæjunum frá þessum tíma			6.1.2016			1			1	1			
6.1.2016	Pétur Jens Lockton	Fjármálastjóri Mosfellsbæjar						Afhenti gamlar gjaldskrár frá Hitaveitu Mos	1		1				1		
7.1.2016	Sigríður Þóra Árnadóttir	Gljúfrasteini	Bað mig að líta á skjalaflokka og málalykla áður en hún sendi þá á þj. sk.	Skoðaði þetta og gaf henni ráðleggingar.			7.1.2016			1	1			1			
11.1.2016	Edda Sif Pálsdóttir	RÚV	Vantaði upplýsingar um Tryggva Blumstein	Sendi henni tölfupóst			11.1.2016			1			1	1			

Heimsóknir á safnið voru 276

Fyrirspurnir voru 168

Afhendingar voru 35

Unnið að ljósmyndun skjala.



Fyrirspurnir til safnsins eru af ýmsum toga, sumar fljótt afgreiddar, aðrar krefjast mikils tíma og leitar. Eins og gefur að skilja er fljótlegt að leita í safni sem er vel skráð og skipulagt en mjög tímafrekt og stundum ógerlegt að leita í safni sem er illa skráð og sumt jafnvel algjörlega óskráð.

Eftirspurn eftir upplýsingum úr skjölum safnsins hefur aukist töluvert. Fyrirspurnir berast með ýmsum hætti, m.a. í gegnum síma, tölvupóst, í heimsóknum og jafnvel á fésbók. Þegar heimasíðan kemst í loftið verður hægt að senda fyrirspurnir á henni.

Þá er enn mikið af óskráðum gögnum innan um skráð frá fyrri tíð en á árunum 2004-2009, þegar enginn starfsmaður var á safninu, safnaðist upp talsvert af efni sem á eftir að flokka, skrá og pakka. En eins og áður kom fram er skráning nauðsynleg til þess að safnið nýtist sem skyldi og verði aðgengilegt almenningi.

Fésbókarsíða Héraðsskjalasafnsins hefur verið aðgengileg frá upphafi árs 2014. Virkni síðunnar var ekki mikil á árinu 2016, en fylgjendur hennar eru 365.

Átaksverkefni og eftirlitsheimsóknir hafa haft áhrif á afhendingar skilaskyldra aðila. Sameiginleg átaksverkefni Félags héraðsskjalavörðna hafa haft áhrif á afhendingar einkaskjalasafna, en mestu

ræður líklega það persónulega andrúmsloft og traust sem ríkir milli starfsmanns Héraðsskjalasafnsins og þeirra sem vilja afhenda skjöl á safnið. Allt frá upphafi hefur safnið tekið við skjölum sem borist hafa frá einstaklingum, félögum og fyrirtækjum.

Verkefnið að fara yfir og endurraða safninu eftir aðfangalykli, stóð í stað á árinu 2016. Reyndi héraðsskjalavörður að halda í horfinu og skrá þau söfn sem komu inn á árinu en því miður hafa verkefni safnsins aukist svo mikið að engan veginn tókst að skrá allar afhendingarnar.



Ljósmynda-
aðstaðan á
Héraðsskjala-
safni
Mosfellsbæjar.



HÉRAÐSSKJALASAFN MOSFELLSBÆJAR

Á árinu var hafin vinna við að skapa safninu merki sem endurspeglar starfsemi þess. Það er í anda merkis Mosfellsbæjar og sýnir þrjá blaðabunka, og er einn hærri en hinir tveir. Litur og stafagerð merkisins eru svipuð og í merki Mosfellsbæjar. Höfundur og hönnuður merkisins er Birna Mjöll Sigurðardóttir héraðsskjalavörður Mosfellsbæjar.

Langtímavarðveisla rafrænna gagna á sveitarstjórnarstiginu er að sumu leyti á byrjunarreit.

Starfsmenn héraðsskjalasafnanna hafa fjallað um ýmsa þætti langtímavarðveislu rafrænna gagna á ráðstefnum Félags héraðsskjalavörðna á Íslandi á undanförunum árum, þar sem horft hefur verið til ýmissa tæknilegra þátta við gerð vörsluútgáfna, leitarbærni, aðgengi og kostnað.

Enn hafa skilaskyldir aðilar ekki óskað eftir því að fá að afhenda skjöl sín með rafrænum hætti á Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar. Þetta verkefni þarf að nálgast af skynsemi og í samræmi við þær fjárheimildir sem stofnunum Mosfellsbæjar og Héraðsskjalasafninu er úthlutað.

Nokkur héraðsskjalasöfn hafa haft með sér óformlegt samstarf varðandi langtímavörslu rafrænna gagna þar sem horft er til aðferðar sem Alþjóða skjalaráðið ICA notar. Samhliða þeim athugunum er nauðsynlegt að skilaskyldar stofnanir, í góðri samvinnu við Héraðsskjalasafnið, ljúki allri forvinnu sem tengist gerð og samþykkt málalýkla,

skjalavistunaráætlana, verkferla o.s.frv. Eins og staðan er í dag er vinna við og með skjöl bæjarins að langstærstum hluta unnin í tölvu. Tryggja þarf að skráning og varsla sé með þeim hætti að einfalt sé að prenta skjölin út áður en þau eru afhent því Mosfellsbæ er skylt skv. lögum að varðveita skjöl sín á pappír.

Eftirlit



Í lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 er komin ítarleg skilgreining á eftirliti héraðsskjalasafna með skilaskyldum aðilum, en fjallað er um hlutverk opinberra safna í 13. gr. 4. mgr. Þar segir að söfnin skuli „hafa eftirlit með framkvæmd afhendingarskyldra aðila á lögum þessum, reglugerðum sem ráðherra setur á grundvelli þeirra og á reglum sem settar eru skv. 8. gr.; afhendingarskyldir aðilar skulu veita aðgang að starfsstöðvum sínum vegna

athugana í þágu eftirlits opinberra skjalasafna,“ og í 14. gr 1. mgr. eru afhendingarskyldir aðilar m.a. skilgreindir sem: „...sveitarfélög, svo og allar stofnanir og nefndir á þeirra vegum sem fara með stjórnslu; hið sama gildir um byggðasamlög og aðra þá aðila sem sjá um framkvæmd einstakra stjórnsluverkefna vegna samvinnu sveitarfélaga“.

Miklum tíma var varið í eftirlit með og ráðgjöf um skjalavörslu stofnana sveitarfélagsins á árinu. Ýmist var farið í heimsóknir eða haldnir fundir með forsvarsmönnum og öðrum starfsmönnum sem koma að skjalavörslu hvernar stofnunar. Farið var yfir fyrirkomulag skjalavörslu og skráningu eldri skjala, sem og þeirra skjala sem nú eru mynduð.

Sú leið hefur verið tekin að gera sameiginlega skjalavistunaráætlun og málalýkil fyrir grunnskólana annars vegar og leikskólana hins vegar. Við notkun á þessum hjálpartækjum skjalavörslunnar mun með tímanum þróast sérhæfing hvernar stofnunar fyrir sig.

Skjalavistunaráætlun og málalýkill Varmárskóla og Lágafellsskóla, sem samþykkt voru á árinu 2014, voru endurskoðuð og samþykkt á ný á árinu 2016. Krikaskóli hefur nokkra sérstöðu þar sem hann fellur í raun bæði undir leik- og grunnskóla, og því var gerður sérstakur málalýkill og skjalavistunaráætlun fyrir hann sem samþykkt var á árinu 2016.

Þá hafa verið gerðar ítarlegar leiðbeiningar um notkun lykils, áætlunar og ýmissa atriða í skjalavörslu, sem hafa fylgt með og ættu að auðvelda notkun á lyklum og áætlunum.

Allir sex leikskólar Mosfellsbæjar fengu samþykktu skjalavistunaráætlun og málalýkil.

Í öllum tilvikum vann starfsmaður Héraðsskjalasafnsins áætlanir, lykila og leiðbeiningar í samvinnu við starfsmenn stofnana.

Þá er skjalavistunaráætlun og málalýkill fyrir búsetukjarna fatlaðs fólks í Mosfellsbæ nánast tilbúin og verða samþykkt á árinu 2017.

Húsnæði og stöðugildi

Héraðsskjalasafnið er staðsett í kjallara turnsins í Kjarna við Þverholt 2. Húsnæðið er í heild um 159,7 fermetrar og skiptist í fjögur rými. Tvær lokaðar og læstar geymslur eru á safninu; vinnurými, lestrarsalur fyrir 8 gesti og skrifstofa eru saman í einu rými og snyrting í einu.

Í hvorri geymslu fyrir sig er stór skjalaskápur á rennilistum, eða tveir skápar. Samtals rúma þeir 576 hillumetra, en í skjalavörslu eru hillumetri (hm) mælieining fyrir stærð skjalasafna. Auk þess eru 310,4 hm af teikningaskápum og 22 hm í litlum skjalaskáp. Heildar geymslurými fyrir skjöl eru því um 908,4 hm.

Móttekin skjalasöfn fylla 636,5 hm af geymslurýminu, eða ríflega 70% af hilluplássi. Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um umfang óskráðra skjalasafna en lauslegar tölur benda til þess að um 155 hm séu óskráðir. Gera má ráð fyrir að pláss í geymslunum dugi í 2-3 ár í viðbót áður en nauðsynlegt verður að stækka húsnæði safnsins.

Á safninu er eitt stöðugildi. Þegar safnið var stofnað árið 2001 var hálft stöðugildi á safninu. Á árunum 2004-2009 var enginn starfsmaður. Núverandi héraðsskjalavörður hóf störf í september 2009 í hálft stöðugildi. Um áramóti 2012-2013 breyttist staðan í heilt stöðugildi.

Viðburðir

Árlegur fundur Þjóðskjalasafns Íslands og héraðsskjalasafna var haldinn í húsnæði þí þann 28. apríl 2016. Viðfangsefnin voru m.a. tölfræði fyrir opinber skjalasöfn, afgreiðsla trúnaðargagna í opinberum söfnum, eftirlitskönnun með starfsemi héraðsskjalasafna, þátttaka héraðsskjalasafna í Lísu (sameiginlegu skráningarkerfi, í þróun), túlkun laga um hvað telst vera hluti af skjalasafni og fræðslu- og kynningarmál opinberra skjalasafna.

Félag héraðsskjalavarða hélt fund í húsnæði Reykjavíkurborgar í Höfðatorgi föstudaginn 29. apríl 2016. Á dagskrá var m.a. tölfræði, eftirlit með skilaskyldum aðilum og miðlun.

*Starfsmenn
héraðs-
skjalasafna á
ráðstefnunni
í Mosfellsbæ.
Ljósmynd
Aðalbjargar
Sigmarsd.*




Ráðstefna Félags héraðsskjalavarða var haldin í Mosfellsbæ dagana 6.-7. október 2016. Var hún haldin í Listasal Mosfellsbæjar. Fundargestir fengu að njóta sýningar á listmunum, sem Guðbergur Bergsson rithöfundur hefur safnað í gegnum tíðina.

Dagskrá ráðstefnu Félags héraðsskjalavarða er alla jafna mjög metnaðarfull og engin breyting var á því nú. Hugmyndin er að héraðsskjalaverðir deili þekkingu og upplýsi hver annan um það sem er í gangi á söfnunum. Þá er leitast við að auka almenna þekkingu starfsmanna safnanna á öllum hliðum skjalavörslu sveitarfélaganna.

Ráðstefnan var sett með ávarpi Bjarka Bjarnasonar rithöfundar, fræðimanns og bæjarfulltrúa Mosfellsbæjar. Annað á dagskrá var m.a.:

Þekkingarmiðlun

Skjalavistunaráætlun Héraðsskjalasafns Árnesinga - Þorsteinn Tryggvi Músson
Öryggisáætlun á Héraðsskjalasafninu Ísafirði - Jóna Símónía Bjarnadóttir
Að slátra bréfalykli - Hrafn Sveinbjarnarson
Sameiginlegt námskeið Héraðsskjalasafns Austfirðinga og Þjóðskjalasafns - Bára Stefánsdóttir
Skjalaskrár á vef - Aðalbjörg Sigmarisdóttir
Eftirlit með skilaskyldum aðilum – fyrstu skref
Eftirlitsskylda að lögum - Hrafn Sveinbjarnarson
Rafræn könnun á skjalavörslu skilaskyldra aðila í Skagafirði - Sólborg Una Pálsdóttir
Rafræn könnun á skjalavörslu skilaskyldra aðila í Árnessýslu - Sævar Logi Ólafsson
Rafræn könnun og hvað svo? - Svanhildur Bogadóttir
Öryggisáætlanir fyrir skjalasöfn
Hvað bera að hafa í huga við gerð öryggisáætlana fyrir skjalasöfn - Snorri Guðjón Sigurðsson
Umræður - stofnun samstarfshóps um gerð öryggisáætlana
Námsferð - utanferð starfsmanna héraðsskjalasafna
Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir
Þjónusta og miðlun - söfnin gerð sýnilegri
Norræni skjaladagurinn - Snorri Guðjón Sigurðsson
Facebooksiðan "Skjalasöfnin kynna sig" - Svanhildur Bogadóttir
Alþjóðlegi skjaladagurinn - Hrafn Sveinbjarnarson
Ljósmyndun/skönnun elstu skjala - hvað svo? - Svanhildur Bogadóttir
Vefurinn okkar - Hrafn Sveinbjarnarson og Þorsteinn Tryggvi Músson
Þjónustukannanir? - Svanhildur Bogadóttir
Langtíma varðveisla rafræna gagna og héraðsskjalasöfnin
Upplýsingagjöf til skjalamyndara - Þorsteinn Tryggvi Músson
Staða langtímavarðveislu í landinu - Svanhildur Bogadóttir
Forvarsla á héraðsskjalasöfnum
Hvað geta starfsmenn héraðsskjalasafna gert og hvað ber að hafa í huga?
Umsjón: María Karen Sigurðardóttir forvörður
Staða á miðlunarverkefnum - styrkþegar skýra frá stöðu mála
Samstarf héraðsskjalasafna og sagnfræðinga
Hrafnkell Lárusson og Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir
Málefni fatlaðra – Skjalamál búsetukjarna
Vibeke Þorbjörnsdóttir - fjölskyldusviði Mosfellsbæjar
Handbókasöfn héraðsskjalasafna
Hrafn Sveinbjarnarson



Snorri Guðjón Sigurðsson héraðsskjalavörður A-Þingeyjarsýslu fjallar um öryggisáætlanir fyrir skjalasöfn.

Norrænn skjaladagur er haldinn hátíðlegur ár hvert, á skjalasöfnum alls staðar á Norður-löndum. Árið 2001 sameinuðust þau um árlegan kynningardag, annan laugardag í nóvember. Upphaflega var ákveðið að annað hvert ár skyldi dagurinn helgaður sameiginlegu norrænu þema. Þess á milli máttu söfnin hafa frjálsar hendur um val á þema. Árið 2006 var ákveðið að hafa sameiginlegt þema þriðja hvert ár og skyldi þemað ákveðið og kynnt á norrænum skjaladögum árið áður. Skjaladagurinn 2016 bar þemað „Til hnífs og skeiðar, matvæli, fæðuöflun, úrvinnsla og neysla“. Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar sendi inn eina grein á vefinn <http://skjaladagur.is/>, og fjallaði hún um tilraun til kynblöndunar á íslenska kúastofninum.

Afhendingar

Teikningar í geymslum Héraðs-skjalasafnsins.



Afhendingar á árinu 2016 voru 35 og reyndust um 52,06 hillumetrar. Stærstu afhendingarnar voru skjalasafn byggingafulltrúa um 8,48 hm, en í því er að finna upplýsingar um byggingar, lóðir og lönd allt aftur á 19. öld. Önnur stór afhending eru skjöl frá fjölskyldusviði Mosfellsbæjar um 4,56 hm, skjöl sem varða barnavernd, félagsþjónustu og húsnæðismál. Öll sú afhending er trúnaðarmál.

Reykjalundur afhenti liðlega helming þeirra sjúkraskýrsla sem orðið hafa til frá upphafi. Ekki hefur verið gengið frá afhendingunni en lauslega er áætlað að safnið sé a.m.k. 26,4 hm. Öll afhendingin er trúnaðarmál.

Aðrar afhendingar eru minni, og eru þær taldar upp í næsta kafla.

Skjöl afhent til Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar á árinu 2016

Í aðfangaskrá eru skráðar allar afhendingar sem berast safninu. Í listanum er aðfanganúmer fremst, þá skjalamyndari og loks stærð afhendingar í hillumetrum.

2016 / 01 Hitaveita Mosfellsbæjar 0,03 hm
2016 / 02 María Hákonardóttir (1949-) og Eric Köppel (1939-) 0,03 hm
2016 / 03 Mosfellsbær 0,01 hm
2016 / 04 Ungmennafélagið Afturelding 0,37 hm
2016 / 05 Hreiðar Gottskálksson (1896-1975) 0,01 hm
2016 / 06 Óþekktur skjalamyndari 6,75 hm
2016 / 07 Ísfugl ehf. 0,11 hm
2016 / 08 Mosfellsbær - Byggingafulltrúi 8,48 hm
2016 / 09 Kaleo 0,01 hm
2016 / 10 Heilbrigðisfulltrúi Kjalarnespings 0,64 hm
2016 / 11 Mosfellsbær - Fjármáladeild 0,49 hm
2016 / 12 Mosfellsbær - Barnaverndarnefnd 0,03 hm
2016 / 13 Varmárskóli 0,8 hm
2016 / 14 Óþekktur skjalamyndari 1,22 hm
2016 / 15 Þjónustustöð Mosfellsbæjar 1,36 hm
2016 / 16 Guðrún Tómasdóttir (1925-) 0,01 hm
2016 / 17 Reykjalundur 26,4 hm
2016 / 18 Mosfellsbær - Fjölskyldusvið 4,56 hm
2016 / 19 Minningarsjóður Thors Jensens 0,03 hm
2016 / 20 Minningarsjóður Ragnheiðar Bjarnadóttur 0,03 hm
2016 / 21 Kvenfélagið Brautin, Kjalarnesi 0,03 hm
2016 / 22 Kjalarneshreppur 0,03 hm
2016 / 23 Árni Árnason (-) og Agnes Guðmundsdóttir (-) 0,01 hm
2016 / 24 Baldvin Jónsson (1905-1988) 0,01 hm



2016 / 25 Íbúasamtökin Víghóll 0,03 hm
 2016 / 26 Haukur Þórðarson (1928-2006) 0,08 hm
 2016 / 27 SÍBS - Haukur Þórðarson 0,08 hm
 2016 / 28 Reykjalundur - Haukur Þórðarson 0,08 hm
 2016 / 29 Lára Gunnarsdóttir (1917-2015) 0,03 hm
 2016 / 30 Óþekktur skjalamyndari 0,01 hm
 2016 / 31 Skólahljómsveit Mosfellsbæjar 0,01 hm
 2016 / 32 Mosfellsbær - stjórnsýslusvið 0,08 hm
 2016 / 33 Veiðifélag Úlfarsár 0,08 hm
 2016 / 34 Álafossbúðin 0,16 hm
 2016 / 35 Aðalsteinn Þorgeirsson (1916-1987) og Svanlaug Þorsteinsdóttir (1919-2007) 0,08 hm

Reykjahvoll í
 Reykjahverfi
 um aldamótin
 1900.
 Á myndinni
 má sjá Björn
 Bjarnarson
 sem síðar var
 kenndur við
 Grafarholt,
 ásamt
 fjölskyldu sinni
 og gestum.
 Ljósmyndin er
 frá Sigurði
 Hreiðari
 Hreiðarssyni.



Rekstraryfirlit Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar 2016

Tekjur:

Mosfellsbær	12.317.254
Rekstrarstyrkur ríkisins	856.072
	13.173.326

Gjöld:

Laun og launatengd	
gjöld	8.067.916
Húsaleiga og hússjóður	3.511.062
Rafmagn	111.152
Starfsmannabíll	145.200
Ræsting	64.793
Sími	57.479
Skjalaöskjur	413.070
Annar	
rekstrarkostnaður	802.654
	13.173.326

Mismunur

0

Blikastaða-
bærinn 1940.





Heyvinnuvélar
dregnar af
hestum á
túninu við
Blikastaði um
1940.



Gengið heim af
engjum.
Í baksýn má sjá
Lágafellskirkju,
Lágafellshúsið
og útihúsin á
Lágafelli.
Þar fyrir neðan
sjást útihúsin á
Hamrafelli. Frá
Blikastöðum
1940.

Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar
Þverholt 2 • sími 525-6789 • birna@mos.is